


















TAMRON | Model: A057 Owner's manual

150-500mm F/5-6.7 Di III VC VXD

For Sony E
For FUJIFILM X (APS-C)



For FUJIFILM X Mount Lens
FreeRTOS Kernel V10.3.1
Copyright (C) 2020 Amazon.com, Inc. or its affiliates. All Rights Reserved.

Permission is hereby granted, free of charge, to any person obtaining a copy of this software and associated documentation files (the "Software"), to deal in the Software without restriction, including without limitation the rights to use, copy, modify, merge, publish, distribute, sublicense, and/or sell copies of the Software, and to permit persons to whom the Software is furnished to do so, subject to the following conditions:

The above copyright notice and this permission notice shall be included in all copies or substantial portions of the Software.

THE SOFTWARE IS PROVIDED "AS IS", WITHOUT WARRANTY OF ANY KIND, EXPRESS OR IMPLIED, INCLUDING BUT NOT LIMITED TO THE WARRANTIES OF MERCHANTABILITY, FITNESS FOR A PARTICULAR PURPOSE AND NONINFRINGEMENT. IN NO EVENT SHALL THE AUTHORS OR COPYRIGHT HOLDERS BE LIABLE FOR ANY CLAIM, DAMAGES OR OTHER LIABILITY, WHETHER IN AN ACTION OF CONTRACT, TORT OR OTHERWISE, ARISING FROM, OUT OF OR IN CONNECTION WITH THE SOFTWARE OR THE USE OR OTHER DEALINGS IN THE SOFTWARE.

<http://www.FreeRTOS.org>
<http://aws.amazon.com/freertos>

CE * The **CE** Marking is a directive conformity mark of the European Community (EC).
* Das **CE**-Zeichen entspricht der EC Norm.
* La marquage **CE** est un marquage de conformité à la directive CEE (CE).
* La marca **CE** es marca de conformidad según directiva de la Comunidad Europea (CE).
* Il marchio **CE** attesta la conformità alla direttiva della Comunità Europea (CEE).
* **CE** 标志表示符合欧洲共同体(CE)指标

CE The EEC Conformity Report applies to the Council Directive 2014/30/EU, 2011/65/EU and is used by Tamron Co., Ltd., manufacturer of this product.

ÍSLENSKA

Takk fyrir að kaupa þessa Tamron-linsu. Áður en þú notar nýju linsuna skaltu lesa eigandahandbókina til að kynna þér réttu tæknina við að nota hana. Einnig er mikilvægt að þú lesir handbók myndavélarinnar sem þú þétlar að festa linsuna á.

Geymdu þessa eigandahandbók á góðum stað eftir að þú hefur lesið hana.

Lestu einnig skjalið „Varúðarráðstafanir hvað varðar örugga notkun á Tamron-linum“ sem fylgir með linsunni til að kynna þér þær ítarlegu öryggisráðstafanir sem fylgja skal við notkun á Tamron-linum.

- Útskýrir varúðarráðstafanir sem hjálpa til við að koma í veg fyrir vandamál.

- Útskýrir það sem þú þarft að vita til viðbótar við helstu aðgerðir.

① Linsuhlíf	② Samstillingarmerki fyrir áfestingu hlífar
③ Læsingarmerki fyrir hlíf	④ Siuhringur
⑤ Losunarmerki fyrir hlíf	⑥ Aðdráttarhringur
⑦ Brennivíddarkvarði	⑧ Brennivíddarmerki
⑨ Fókushringur	⑩ Þrífótarfesting
⑪ Merki fyrir þrífótarfestingu	⑫ Læsiskrúfa fyrir þrífótarfestingu
⑬ Skrúfuhola fyrir öryggisskrúfu	⑭ Öryggisskrúfa (×2)
⑮ Sexkantur	⑯ Ólarget
⑰ Merki fyrir linsufestingu	⑱ AF/MF rofi (Fyrir Sony E) / MF SPEED rofi (Fyrir FUJIFILM X)
⑲ VC (títringsjöfnunar) rofi	⑳ VC hamrofi
㉑ Rofi fókustakmarkara	㉒ Tengi á milli linsu og myndavélar
㉓ Lásrofi fyrir víðan endaaðdrátt	

- Fjarlægðu límbandið á linsunni áður en þú byrjar að nota hana.

Gerð	A057
Brennivídd	150-500 mm
Hámarks ljósup	F/5-6,7
Sýnilegt horn (horn í horn)	16°25' - 4°57' / 10°59' - 3°18' (APS-C)
Óptísk uppbygging	16/25
Lágmarks fókusfjarlægð	0,6 m (23,6") (Gleihornslinsa) / 1,8 m (70,9") (Sjónaukalinna)
Hámark stækkunarhlutfall	1:3,1 (Lágmarks fókusfjarlægð við notkun gleihornslinsu) <p>1:3,7 (Lágmarks fókusfjarlægð við notkun sjónaukalinnu)</p>
Slústærð	ø 82 mm
Lengd	209,6 mm (8,3") / Sony E, 209,9 mm (8,3") / FUJIFILM X
Hámarksþvermál	ø 93 mm
Þyngd	1.725 g (60,8 oz) / Sony E, 1.710 g (60,3 oz) / FUJIFILM X (án þrífótarfestingu), Þrífótarfesting 155 g (5,5 oz)
Linsuhlíf	HA057

- Lengd: Frá framhlið linsu að yfirborði festingar.
- Tæknilysing, útlit, eiginleikar o.s.frv. geta breyst án fyrirvara.

LINSAN FEST VIÐ OG FJARLÆGD

Fjarlægðu aftari hettuna af linsunni. Samstilltu merki fyrir linsufestingu ⑰ og festingarmerki myndavélarinnar, settu linsuna síðan í.

Snúðu linsunni réttshælis þar til hún læsist.

Til að fjarlægja linsuna skaltu snúa linsunni í gagnstæða átt meðan þú ytir á slepphnað linsunnar á myndavélinni.

- Slökktu á myndavélinni áður linsan er sett í eða fjarlægð.

- Lestu leiðbeiningahandbók myndavélarinnar til að fá frekari upplýsingar.

SKIPT YFIR Í FÓKUSHAM (Sjá myndir [1], [2])

■ Fyrir Sony E: AF/MF rofi (Sjá myndir [1], [2])

Til að taka myndir með sjálfvirkum fókus (AF) skaltu stilla bæði myndavélinu og AF-/MF-rofann ⑱ á linsunni á „AF“. (Sjá mynd [2]) (Ef linsan er stillt á „MF“ mun hún ekki nota sjálfvirkan fókus.)

Til að taka myndir með handvirkum fókus (MF) skaltu stilla myndavélinu og/eða AF-/MF-rofann ⑱ á „MF“. Í handvirkum fókus skaltu snúa fókushringnum ⑨ til að finna fókusinn.

(Sjá myndir [1], [2])

■ For FUJIFILM X: MF SPEED rofi (Sjá myndir [1], [2])

Þegar þú velur „MANUAL FOCUS“ á myndavélarhúsinu geturðu valið fókus svörunarhraðann með valrofanum ⑱ á linsunni.

MODE 1 Fyrir venjulegan fókus, meðalsvörunarhraði

MODE 2 Fyrir nákvæman fókus, hægari svörunarhraði

- Erfitt getur verið að fá sjálfvirkan fókus til að virka í AF stillingunni en það fer eftir viðfangsefninu.
- Fyrir Sony E linsufestingu, ef myndavélin þín er búin AF/MF-hnað, þá er hægt að skipta tímabundið yfir í MF úr AF með því að ýta á AF/MF-hnaðinn. Þegar linsan er stillt á „AF“ og myndavélin stillt á „MF“ er hægt að skipta tímabundið yfir í sjálfvirkan fókus með því að ýta á AF-/MF-hnaðinn.

- Lestu leiðbeiningahandbók myndavélarinnar til að fá frekari upplýsingar.

BÚNAÐUR FYRIR TÍTRINGSJÖFNUN (Sjá myndir [1], [5], [6])

Til að jafna títring skal stilla VC (títringsjöfnunar) rofa ⑲ á ON. (Sjá mynd [5])

■ Skipt milli stillinga (Sjá mynd [6])

Þú getur skipt milli stillinga með því að nota VC hamrofa ㉑.

MODE 1 Grunnhamur títringsjöfnunar

MODE 2 Skimunarhamur (panning mode)

MODE 3 Hamur sem forgangsraðar römmun. Gerir það auðveldara að halda viðfangsefni innan ramma sem hreyfist hratt.

* MODE 1 og MODE 3 styðja ekki skimun.

● Títringsjöfnun er virk við eftirfarandi aðstæður

- Ílla upplýstir staðir
- Staðir þar ljósmyndun með flassi er bönnuð
- Staðir þar sem ekki er hægt að nota þrífót

● Títringur getur ekki verið jafnaður nægjanlega við eftirfarandi aðstæður

- Þegar mynd er tekin úr ökutæki sem hristist mikið
- Myndataka meðan á meðan myndavélin hreyfist mikið
- Myndataka með notkun þrífótar
- Stílltu VC rofann ⑲ á OFF þegar þú tekur myndir með peruljósmyndun (bulb photography) (langvarandi útsetning). Annars gæti títringsjöfnunin valdið bilun.

- Þegar stillt er á MODE 1 eða MODE 2 getur mynd leitara orðið óskýr strax eftir að lokarahnaði hefur verið ýtt háfa leið niður. Þetta er vegna lögmála búnaðar um títringsjöfnun og er ekki bilun.
- Þegar stillt er á MODE 3 getur mynd leitara orðið óskýr, jafnvel þó að lokarahnaður sé ekki snertur, í þeim tilfellum sem kveikt er á myndavélinni með VC-rofann ⑲ stilltan á ON. Þetta er vegna lögmála búnaðar um títringsjöfnun og er ekki bilun.
- Stílltu VC rofann ⑲ á OFF meðan á myndatöku stendur þegar myndavélinni er haldið með einverjuöðru en hendinni (t.d. þrífæti).
- Það getur verið að þú finnir linsuna skjálfa þegar slökkt er á myndavélinni eða þegar hún er fjarlægð af myndavélinni. Þetta er ekki bilun.

- Lestu leiðbeiningahandbók myndavélarinnar til að fá frekari upplýsingar.

NOTKUN FÓKUSTAKMARKARANS (Sjá myndir [1], [7] - [9] fyrir Sony E / [7] - [9] fyrir FUJIFILM X)

Ef rofinn fyrir fókustakmarkarann ㉑ er notaður, getur hann gefið hraðari fókus með því að takmarka fókussvið.

Fyrir Sony E linsufestingu

■ Til að takmarka sjálfvirk fókussvið við viðfangsefni frá því óendanlega til 3 m (Sjá mynd [7])

Stílltu rofann fyrir fókustakmarkarann ㉑ á „∞-3 m“.

■ Til að takmarka sjálfvirk fókussvið við viðfangsefni frá því óendanlega til 15 m (Sjá mynd [8])

Stílltu rofann fyrir fókustakmarkarann ㉑ á „∞-15 m“.

■ Þegar fókustakmarkarinn er ekki notaður (Sjá mynd [9])

Stílltu rofann fyrir fókustakmarkarann ㉑ á „FULL“.

Fyrir FUJIFILM X linsufestingu

■ Til að takmarka sjálfvirk fókussvið við viðfangsefni frá MOD* í 10 m (Sjá mynd [7])

Stílltu rofann fyrir fókustakmarkarann ㉑ á „MOD-10m“.

■ Til að takmarka sjálfvirk fókussvið við viðfangsefni frá 10 m til óendanlega (Sjá mynd [8])

Stílltu rofann fyrir fókustakmarkarann ㉑ á „10m-∞“.

■ Þegar fókustakmarkarinn er ekki notaður (Sjá mynd [9])

Stílltu rofann fyrir fókustakmarkarann ㉑ á „FULL“.

*MOD: Lágmarks fókusfjarlægð

AÐDRÁTTUR (Sjá myndir [1])

Snúðu aðdráttarhringnum ⑥ til að stilla brennivíddina (aðdráttarstilling) í æskilega stöðu.

LÆSIBÚNAÐUR FYRIR VÍÐAN AÐDRÁTT (Sjá myndir [1], [3], [4])

Hægt er að læsa aðdráttarhringnum ⑥ á brennivídd 150 mm til að hindra að hann snúist.

■ Stilling aðdráttarlæsingarinnar (Sjá mynd [3])

Samstillið 150 mm á brennivíddarkvarðanum ⑦ og brennivíddarmerkið ⑧.

Stílltu lásrofa viðs endaaðdráttar ㉓ að hlið aðdráttarhringsins.

■ Losun aðdráttarlæsingarinnar (Sjá mynd [4])

Stílltu lásrofa viðs endaaðdráttar ㉓ að hlið myndavélarinnar.

- Til að nota aðdráttinn, skaltu opna læsinguna og snúa aðdráttarhringnum ⑥.

FLEX-ZOOM LÁSBÚNAÐURINN (Sjá myndir [1], [10], [11])

Þessum búnaði er ætlað að hindra linsuna við að framkvæma aðdrátt fyrir slýsi í öllum stöðum. Snúðu aðdráttarhringnum ⑥ í nauðsynlega aðdráttarstöðu og settu síðan læsinguna á eftir að þú hefur ákveðið stöðuna.

■ Stilling aðdráttarlæsingarinnar (Sjá mynd [10])

Færðu aðdráttarhringinn ⑥ að hlið viðfangsefnissins þar til hvíta merkið er sýnilegt.

■ Losun aðdráttarlæsingarinnar (Sjá mynd [11])

Færðu aðdráttarhringinn ⑥ að hlið myndavélarinnar.

- Við athafnir eins og þegar verið er að bera vöruna, skaltu nota viðs endaaðdráttarlæsinguna til að koma í veg fyrir aðdrátt vegna eigin þunga. (Sjá myndir [1], [3])
- Til að nota aðdráttinn, skaltu opna flex-zoom-læsinguna og snúa aðdráttarhringnum ⑥.
- Gættu þess að klemma ekki fingurna á meðan þú notar flex-zoom-læsinguna.
- Ef ekki á að nota myndavélinu í langan tíma, skaltu opna flex-zoom læsinguna áður en hún er sett í geymslu.

LINSUHLÍF (Sjá myndir [1], [12], [13])

Linsuhlíf ① af bayonet-gerð fylgir sem staðalbúnaður.

Við mælum með því að hlifin sé höfð á við myndatöku til að draga úr flökkuljósi sem getur haft áhrif á myndina.

■ Notkun linsuhlífarinnar (Sjá mynd [12])

Samstilltu samstillingarmerki fyrir áfestingu hlífar ② á hlifinni við losunarmerki fyrir hlíf ⑤ á linsunni.

Snúðu hettunni ① í þá átt sem örin visar þar til læsingarmerki fyrir hlíf ③ fellur að losunarmerki fyrir hlíf ⑤.

■ Skorðun linsuhlífarinnar (Sjá mynd [13])

Þú getur skorðað linsuhlífina ① með því að festa hana öfugt á.

Samstilltu læsingarmerki fyrir hlíf ③ á hlifinni við losunarmerki fyrir hlíf ⑤ á linsunni. Snúðu hettunni ① í þá átt sem örin visar þar til samstillingarmerki fyrir áfestingu hlífar ② fellur að losunarmerki fyrir hlíf ⑤.

- Athugaðu að þaðar ljósmyndarinnar getur döknað ef hlifin ① er ekki fest á réttan hátt.

FESTING ÞRÍFÓTARINS (Sjá myndir 1, 14 - 16)

A057 tegundin kemur með þrífótarfestingu ⑩. Þegar þú notar þrífót skaltu festa linsuna vel við þrífótinn með því að nota þrífótarfestingu ⑩.

■ Þrífótarfestingin sett á og fjarlægð (Sjá myndir 14, 16)

Hægt er að festa við og fjarlægja þrífótarfestinguna með því að snúa læsiskrúfu fyrir þrífótarfestingu ⑫ til að losa hana og síðan lyfta af hlutanum með skrúfunni.

Þegar þú festir þrífótarfestinguna ⑩ við, skaltu ganga úr skugga um að framstæði hlutinn á innri hlið þrífótarfestingarinnar sé inni í gróp linsunnar, síðan skaltu herða vel læsiskrúfuna fyrir þrífótarfestinguna ⑫.

Ef framstæði hlutinn er ekki vel settur inn í grópina á linsunni þegar þrífótarfestingin ⑩ er fest við, getur linsan skemmst eða dottið af.

■ Breyting á stefnu myndavélarinnar (Sjá mynd 15)

Þegar þú breytir stefnustöðu myndavélarinnar, getur þú snúið linsunni með því að losa læsiskrúfuna fyrir þrífótarfestinguna ⑫.

Samræmið merkið fyrir þrífótarfestingunni á linsunni ① við merkið á þrífótarfestingunni ⑩.

Þegar þú hefur ákveðið stefnu fyrir myndatökuna, skaltu herða læsiskrúfuna fyrir þrífótarfestinguna ⑫ til að festa stöðuna.

■ Ólargat (Sjá mynd 1)

Þú getur leitt ólina í gegnum þessi göt til að koma í veg fyrir að linsan falli.

Þegar ólargöt ⑯ eru notuð á þrífótarfestingunni ⑩, skal fyrst athuga hvort að læsiskrúfa fyrir þrífótarfestingu ⑫ sé velherð og festa ólina tryggilega. Athugaðu að linsan getur dottið ef þrífótarfestingin ⑩ eða ólin losnar frá linsunni.



- Festa má A057 þrífótarfestinguna ⑩ við ARCA-SWISS myndavélaþlöt.

ÖRYGGISSKRÚFA (Aukabúnaður fyrir þrífótarfestinguna) (Sjá myndir 1, 17)

Við mælum með að skrúfurnar séu festar í samræmi við gerð myndavélarþallsins þegar þú notar myndavélarþall eða klemmu sem eru samþýðanleg við ARCA-SWISS-staðalinn.

■ Hvernig nota á öryggisskrúfur (Sjá mynd 17)

Öryggisskrúfurnar ⑭ koma í veg fyrir að linsan/myndavélin detti af myndavélarþallinum þegar þrífótarfesting ⑩ er fest við myndavélarþall eða klemmu sem eru samþýðanleg við ARCA-SWISS-staðalinn.

Notaðu sexkantinn ⑮ eins og sýnt er á teikningunni til að festa öryggisskrúfurnar ⑭ í skrúfuholurnar tvær ⑬.



- Eftir að öryggisskrúfurnar ⑭ hafa verið festar, standa skrúfuhlausarnir upp úr neðri hlið þrífótarfestingarinnar ⑩ til að koma í veg fyrir að linsan/myndavélin detti. Af þessari ástæðu þarftu ekki að hafa þær áfestar, ef þú notar myndavélarþall eða klemmu sem eru ekki samþýðanleg við ARCA-SWISS-staðalinn.

VARÚÐARRÁÐSTAFANIR FYRIR NOTKUN

- Innra fókuserfi (IF) er notað til að stytta minnstu fókusfjarlægð. Sýnilegt horn kann að vera víðara en hjá linsum sem nota önnur fókuserfi þegar teknar eru myndir í fjarlægð sem er styttri en óendanleg.
- Linsuhúddið eða linsuhylkið getur hindrað ljósið frá flassinu. Mælt er með prufutöku fyrir fram.
- Mismunur á skjákerfum myndavéla getur valdið því að önnur gildi eru sýnd fyrir mesta og minnsta ljósop en gefin eru upp í tæknilynging. Þetta er ekki merki um villu.
- Ekki snerta tengin á milli linsunnar og myndavélarinnar ② með fingrunum. Það getur valdið bilunum.
- Ef hitastigið breytist skyndilega getur móða myndast og valdið bilunum.
- Framlinsan er þakin blettaheldri húðun. Þegar rykið á yfirborði linsunnar hefur verið fjarlægt með blásara eða á annan hátt skal þurrka hana með þurrum klút.
- Aldrei nota bensen, þynni eða aðra lífræna leysa til að þrifa linsuna.
- Geymdu linsuna á hreinum og vel loftræstum stað.
- Frekari upplýsingar um þríf og geymslu á linsunni, samhæfi við myndavélar og aðrar upplýsingar eru á vefsvæði okkar. <https://www.tamron.jp/en/support/>



Förgun raf- og rafeindabúnaðar á heimilum. Förgun á notuðum raf- og rafeindabúnaði (gildir í Evrópusambandinu og öðrum Evrópulöndum með aðskildum söfnunarkerfum)

Þetta tákn merkir að þessari vöru megi ekki farga með heimilissorpi.

Þess í stað skal skila henni til endurvinnslu á raf- og rafeindabúnaði.

Ef nýjar vörur eru keyptar, ætti að afhenda dreifingaraðilanum vöruna eða skila henni í söfnunarkerfi fyrir raf- og rafeindabúnað.

Með því að tryggja að vörunni sé rétt fargað, kemur þú í veg fyrir hugsanlegar neikvæðar afleiðingar fyrir umhverfi og heilsu manna, sem annars kunna að hljóta af rangri förgun vörunnar eða íhlutum hennar.

Ef vörunni er fargað ólöglega, kann það að valda viðurlögum. Til að fá nánari upplýsingar um endurvinnslu vörunnar, skaltu hafa samband við yfirvöld á þínum stað, sorpförgunarþjónustuna eða verslunina þar sem þú keyptir vöruna.

TAMRON

ÍSLENSKA

Varúðarráðstafanir hvað varðar örugga notkun á Tamron linsum

Til að tryggja örugga notkun skaltu lesa „Varúðarráðstafanir hvað varðar örugga notkun á Tamron linsum“ og handbókina áður en varan er notuð.

Eftir lesturinn skaltu geyma þær á stað þar sem auðvelt er að nálgast þær gerist þess þörf.

Varúðarleiddbeiningunum er skipt niður í eftirfarandi tvo flokka eftir því hversu mikla hættu er um að ræða.



VIÐVÖRUN

Þetta á við um leiðbeiningar þar sem það getur valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef þeim er ekki fylgt eða þær eru framkvæmdar rangt.

- Ekki má skoða eða taka myndir af sólinni eða öðrum sterkum ljósgjafa með þessari linsu eða myndavélinni sem linsan er fest á.
Sé það gert getur það leitt til sjóntaps, annarra skemmda á linsunni eða myndavélinni, eða elds.
- Ekki má taka í sundur, lagfæra eða breyta linsunni.
Það gæti skemmt linsuna eða myndavélina.
- Geymið linsuna þar sem lítil börn ná ekki til.
Hætta er á meiðslum ef linsan dettur niður.



VARÚÐ

Þetta á við um leiðbeiningar þar sem það getur valdið líkamstjóni eða líkamsskaða ef þeim er ekki sinnt eða þær eru framkvæmdar rangt.

- Ekki má setja linsuna í beint sólarljós eða skilja hana eftir á mjög heitum stað eins og inni í bíl. Það gæti skemmt innri hluta glersins eða valdið eldsvoða.
- Settu alltaf lokið á linsuna þegar hún er ekki í notkun.
- Þegar linsan er fest á myndavélina þarf að ganga úr skugga um að linsan hafi verið rétt fest við myndavélina og sé vel læst.
Ef linsan er ekki vel fest, gæti verið erfitt að fjarlægja hana eða hún gæti dottið af og valdið skemmdum eða meiðslum.
- Ekki má nota linsuna fyrir neitt annað en ljósmyndun.
- Ekki má flytja linsuna á meðan hún er enn fóst við þrífót.
- Varðandi linsuna sem er búin tengiporti
 - 1) Komdu linsunni fyrir á stábilum stað á meðan hún er sérstíllt með þartilgerðu forriti (TAMRON Lens Utility™). Vertu viss um að hún detti ekki eða verði fyrir hnjaski.
 - 2) Þegar linsan er tengd við tölvu skal nota Tamron tengisnúru (seld sér).
 - 3) Ekki snerta tengiportið með fingrum eða málmáhaldi. Einnig skal koma í veg fyrir að vatn eða óhreinindi komist í tengiportið. Ef tengiportið er skitugt getur það valdið tengivandamálum.
- Tamron ábyrgist ekki skemmdir sem verða vegna bilunar, bruna eða annarra slysa sem gætu orðið við notkun á fylgihlutum öðrum en Tamron fylgihlutum. Athugaðu að ef slíkar skemmdir verða þarf að greiða fyrir viðgerð á Tamron linsunni þar sem ábyrgðin nær ekki yfir slíkt.